

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir fiskmjölsverksmiðju Krossaness hf., Akureyri.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju Krossaness hf., kt. 660190-1479. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir til og með 31. desember 1999.

Reykjavík, 12. maí 1999.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

Nr. 340

6. maí 1999

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um veitingu
lækningaleyfa og sérfræðileyfa nr. 305/1997.**

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Til þess að kandídat í læknisfræði geti fengið lækningaleyfi, skal hann að prófi loknu hafa lokið því viðbótarnámi sem hér greinir: Hann skal hafa unnið aðstoðarlæknisstörf í samtals 12 mánuði á viðurkenndum heilbrigðisstofnunum skv. forskj. 3 með rg. nr. 305/1997 og auglýsingu, þar af skal hann starfa a.m.k. 4 mánuði á lyfjadeild, 2 mánuði á handlækningadeild og 3 mánuði á heilsugæslustöð.

2. gr.

XXIII liður 7. gr. orðast svo:

XXIII. Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði.

a) 3½ ár á svæfinga- og gjörgæsludeild.

b) ½ ár á lyfjadeild.

c) ½ ár á skurðeild.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. og 5. gr. læknalaga nr. 53/1988, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kandidötum sem ljúka læknaprófi á árinu 1999 eða fyrr skal þó heimilt að haga viðbótarnámi til að öðlast almennt lækningaleyfi samkvæmt fyrri reglugerð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 6. maí 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.